

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna, auk afskrifta þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
FF101	Fasteignir	40.047.032	41.856.793	-1.809.761	-4%
FF103	Bifreiðir og vélar	12.906.202	13.702.761	-796.559	-6%
FF104	Áhöld og tæki	6.320.822	7.774.068	-1.453.246	-19%
ALLS		59.274.056	63.333.622	-4.059.566	-6%

Óefnislegar eignir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
FF200	Viðskiptavild	5.209.077	8.681.794	-3.472.717	-40%
FF303	Þróunarkostnaður	0	0	0	0%
FF304	Stofnkostnaður	0	0	0	0%
ALLS		5.209.077	8.681.794	-3.472.717	-40%

Afskriftir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
RR500	Afskriftir fastafjármuna	12.508.913	10.077.703	2.431.210	24%
ALLS		12.508.913	10.077.703	2.431.210	24%

Framkvæmdar aðgerðir

- Staða varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið staðfest við sundurliðaða fyrningarskýrslu, sjá í vp. **<5125>**
- Úrtak af eignfærslum og sölum ársins hafa verið rakin til reikninga/stuðningsgagna, þetta hefur verið gert í vinnupappír **<5140>**. Úrtak eignfærslna ársins var valið til að vera viss um að rétt upphæð hafi verið eignfærð, eigin sé raunverulega til og kaupin hafi verið samþykkt af réttum aðilum.
- Úrtak varanlegra rekstrarfjármuna sem voru til staðar samkvæmt fyrningarskýrslu í upphafi var valið til að staðfesta tilvist þeirra (physically verify). Sjá vp. **<5150>**.
- Kannaðir voru viðhaldslyklar í rekstrarreikningi með það í huga að skoða mögulegar eignfærslur sem hefðu verið gjaldfærðar. Þetta var gert með því að velja úrtak úr viðhaldslyklum og rekja í reikninga í bókhaldi, sjá í vp. **<5170>**.
- Greiningaraðgerðir á afskriftum voru framkvæmdar í vinnuskjali **<5160>**.
- Skýringar í ársreikningi hafa verið endurskoðaðar í vp. **<5145>**
- Fjárhæð viðskiptavildar í upphafi og lok árs var borin saman við bókhaldsgögn og fyrningarskýrslu.
- Afskriftir voru endurreiknaðar en um er að ræða viðskiptavild sem myndaðist vegna kaupa á lítilli sápugerð.

Niðurstöður

Engar skekkjur fundust við endurskoðunarvinnu. Kaupsamningur vegna kaupa félagsins á Austursíðu 4, sem er næsta hús við var gerður 1. nóvember 2012 og fór afhending ekki fram fyrr en 1. desember 2012 og voru nýjar velar og tæki ekki flutt fyrr en í febrúar 2013 en í desember var hluti hráefnisbirgða geymdur í húsnæðinu. Kaupsamningurinn nemur 250 millj.kr. og er fyrsta kaupsamningsgreiðsla 1. febrúar 2013 að fjárhæð 150 millj.kr. en síðan 20 millj.kr. árlega þann 1. febrúar árin þar á eftir. Félagið fékk lán frá Íslandsbanka í febrúar 2013 og er það óverðtryggt og ber 7,45% vexti. (*Spurning að geta í skýringum?*)

Þar sem fyrsta kaupsamningsgreiðsla er ekki fyrr en á árinu 2013 auk þess sem húsnæðið er ekki tekið í notkun fyrr en á árinu 2013 er ekki þörf á að færa fasteignina til eignar í ársreikningi ársins 2012, enda hefjast ekki afskriftir eignar fyrr en hún er tekin í notkun.

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna Birgða og kostnaðarverðs seldra vara:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
VF104	Hráefni	10.722.814	12.941.353	-2.218.540	-17%
VF105	Vörur í vinnslu	11.374.115	4.850.705	6.523.410	134%
VF106	Fullunnar vörur	34.793.724	39.207.058	-4.413.334	-11%
ALLS		56.890.652	56.999.116	-108.464	0%

#	Texti			Breyting	Breyting %
RR051	Vörukaup innanlands	140.456.867	17.223.326	123.233.541	716%
RR052	Vörukaup erlendis	83.093.337	124.188.527	-41.095.190	-33%
RR053	Flutninguskostnaður	1.761.839	2.183.888	-422.049	-19%
RR054	Vörukaup af tengdum aðilum	42.967.969	0	42.967.969	0%
RR055	Aðkeypt þjónusta til endursölu	234.876	624.088	-389.212	-62%
RR061	Birgðir í upphafi tímabils	56.999.116	25.378.089	31.621.027	125%
RR062	Birgðir í lok tímabils	-56.890.652	-56.999.116	108.464	0%
ALLS		268.623.351	112.598.802	156.024.549	139%

Framkvæmdar aðgerðir

- Fengum afrit af birgðalista í árslok og bárum hann saman við fjárhagsbókhald. Listinn er í vp. [<5340>](#). Einnig var fenginn listi vegna niðurfaðslu birgða og var hann borinn saman við fjárhag.
- Farið var í birgðatalningu í árslok. María Sveinsdóttir fór í birgðatalningu þann 2. janúar 2013. Memo um framkvæmd og skipulag birgðatalningu er að finna í vp [<5351>](#). Endurskoðandi taldi 53 úrtök í árslok og voru nokkrar skekkjur fundnar. Yfirlit yfir talningu endurskoðanda og mismuni er að finna í vp. [<5353>](#). Einnig var úrtak Deloitte rakið í ársloka birgðalista í sama vinnupappír. Heildarskekkja í úrtaki var 1.240.000 og það reiknað á þýðið því 2.480.000
- Vörubirgðir í flutningum hafa verið prófaðar í vp. [<5380>](#). Engar athugasemdir
- Virði birgða var prófað í vinnupappír 5350.
- Kostnaðarverð seldra vara var prófað með greiningaraðgerðum, sjá [<8245>](#). Breyting milli ára var rædd við fjármálastjóra og viðeigandi stuðningsgögn yfirfarinn. Engar athugasemdir gerðar, en eftir kaup Sápuugerðarinnar ehf. á félaginu var verulegur hluti vörukaupa nú gerður gegnum Sápuugerðina ehf. en hluti af framleiðslunni hjá 7fn efnagerð ehf. er vegna vörumerkja sem Sápuugerðin selur á neytendamarkaði.
- Lotun á vörukaupum var prófuð í vinnuskjali [<8250>](#). Engar athugasemdir.

Niðurstöður

Skekkja í úrtaki við birgðatalningu var leiðrétt í endanlegum birgðalista auk þess sem niðurfaðsla birgða var hækkuð um kr. 2.480.000 vegna yfirfaðslu á skekkju og því engin eftirstæð skekkja vegna talningarárinnar. Stjórnendur vildu ekki leiðréttta yfirfaðsluskekkjuna þar sem talningarskekkja hafi verið leiðrétt og að þeirra mati hafi ekki verið fleiri skekkjur Á árinu 2012, í kjölfar kaupa Sápuugerðarinnar ehf. var gerð birgðatalning í tengslum við kaupsamninginn. Í þeirri birgðatalningu fundust hráefnisbirgðir að kostnaðarverðmæti 2.750.000 sem voru ekki lengur í notkun við framleiðsluna þar sem hin nýja Sólósápa notar ekki það efni, en það breyttist árið 2009. Þar sem efnið var dýrt í innkaupum var því ekki hent en ljóst að það varð ónýtt 2011 þar sem á þeim tíma rann efnið út á dagsstimpli. Efninu var því fargað og var kostnaðarverðmæti gjaldfæra í ársreikningi 2012. Þar sem um er að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati birgða töldum við að ekki þyrfti að gera afturvirkra leiðréttingu. Engar aðrar skekkjur í birgðatalningu.

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna viðskiptakrafna og rekstrartekna:

Viðskiptakröfur

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
VF201	Innlendar viðskiptakröfur	16.411.604	6.196.644	10.214.961	165%
VF202	Erlendar viðskiptakröfur	591.001	0	591.001	0%
VF204	Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að t	-162.500	-190.000	27.500	-14%
ALLS		16.840.105	6.006.644	10.833.462	180%

Rekstrartekjur

#	Texti			Breyting	Breyting %
TE201	Seldar vörur og þjónusta	-277.255.280	-165.360.445	-111.894.836	68%
TE202	Seld þjónusta erlendis	-6.988.470	-11.982.457	4.993.988	-42%
TE203	Vörusala til tengdra aðila	-137.497.500	0	-137.497.500	0%
TE209	Umboðslaun	-1.849.990	-700.408	-1.149.582	164%
ALLS		-423.591.239	-178.043.310	-245.547.930	138%

Framkvæmdar aðgerðir

- Við fórum yfir niðurfærslu viðskiptakrafna og var hún endurreiknuð. Hún er rétt endurreiknuð.
- Fenginn var stöðulisti viðskiptamanna í árslok og var hann borin saman við aðalbók. Enginn mismunur var til staðar en krafa að fjárhæð 14.332.000 á Sápu gerðina ehf. var færð móti skuld við Sápu gerðina að fjárhæð 15.775.778 og er nettófjárhæðin sýnd meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.
- Send voru staðfestingarbréf viðskiptakrafna m.v. 31.12.2012, sjá vp. <5445>. Úrtakið var 100% staðfest.
- Erlendar viðskiptakröfur voru endurreiknaðar til að kanna hvort gengisuppfærsla væri rétt, sjá vp. <5449>. Engar athugasemdir voru gerðar.
- Kreditnótur gerðar eftir reikningsskiladag hafa verið yfirfarnar í vp. <5481>, og var engin athugasemd gerð.
- Fjöldi daga í viðskiptakröfum hefur verið reiknaður í vp. <5477>. Fjöldi daga í viðskiptakröfum hafa hækkað milli ára vegna meiri sölu til tengdra aðila.
- Lotun tekna í sölu var skoðuð í vp. 8150 – engar athugasemdir.

Niðurstöður

Engar skekkjur

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna handbærs fjár og yfirdráttarreikninga:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
VF602	Bankainnstæður í íslenskum krónum	52.834.182	4.577.739	48.256.443	1054%
VF603	Bankainnstæður í erlendri mynt	94.672	1.193.136	-1.098.464	-92%
SS200	Skuldir við lánastofnanir	-582.567	-158.122	-424.445	268%
ALLS		52.346.287	5.612.753	46.733.534	833%

Framkvæmdar aðgerðir

- Staðfestingarbréf var sent til viðskiptabanka og stað skv. bókhaldi prófuð í vinnupappír 5641. Engar athugasemdir voru gerðar.
- Gjaldeyrisreikningar voru endurreiknaðir, sjá vinnupappír <5650>. Hér kemur fram munur þar sem að reikningarnir eru reiknaðir upp með röngu gengi í árslok. Heildar munur sem kemur fram hér er upp á 11.500 sem að bankareikningarnir eru of háir í árslok. Við endurreikning var miðað við miðgeni 31.12.2012 skv. Seðlabanka Íslands sem var síðasti bankadagur ársins.
- Á árinu 2012 var stofnaður fastvaxtareikningur í Íslandsbanka. Greiddar voru kr. 12.000.000 inni á reikninginn og er það 12 mánaða bundinn reikningur og ráðstafast innstæðan sjálfkrafa inn á tilgreindan ráðstöfunarreikning sem er tékkareikningur félagsins að loknum þeim tíma. Greitt var inn á reikninginn þann 1. september 2012 og ber innstæðan 6% ársvexti. Vextir eru greiddir mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning félagsins.
- Handbært fé er óvenjumikið í árslok en ætlunin er að nota féð til frekari fjárfestinga og til aðgreiðslu til móðurfélagsins.

Niðurstöður

Óveruleg skekkja í gjaldeyrisreikningum – undir „Clearly Trivial Misstatement“ í samræmi við ISA 450.

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna skulda við lánastofnanir og gjaldfærðra vaxta:

Skuldir við lánastofnanir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
LS206	Skuldir við lánastofnanir EUR	-49.920.600	-56.524.050	6.603.450	-12%
LS211	Skuldir við lánast. - næsta árs afb.	6.885.600	6.851.400	34.200	0%
ALLS		-43.035.000	-49.672.650	6.637.650	-13%

Fjármögnunarleigusamningar:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
LS300	Fjármögnunarleigusamningar	-7.026.726	-9.263.280	2.236.554	-24%

Næsta árs afborganir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
SS402	Næsta árs afb. - skuldir við lánast.	-6.885.600	-6.851.400	-34.200	0%
SS403	Næsta árs afb. - fjárm.leigusamningar	-1.554.620	-1.599.040	44.420	-3%
ALLS		-8.440.220	-8.450.440	10.220	0%

Ógreiddir áfallnir vextir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
SS809	Ógreiddir áfallnir vextir	-374.405	-423.931	49.526	-12%

Framkvæmdar aðgerðir

- Lánatafla var fenginn frá féluginu (sjá vp. <7141>) og borin saman við aðalbók. Heildarstaða lána stemmir við aðalbók og eins áfallnir og gjaldfallnir vextir stemma við aðalbók.
- Fengið var afrit af öllum nýjum lánasamningum á árinu og þeir bornir saman við ný lán skv. Lánatöflu. Einnig var síðasti greiðsluseðill flestra lána fenginn og staða í árslok borin saman við lánatöflu. Endurreiknaði síðan stöðu lána miðað við gengi í árslok. Áfallnir vextir voru einnig endurreiknaðir sjá vp. <7141> og var mismunur í áföllnum vöxtum vegna mismunar í uppreikningi lánanna. Mismunur milli okkar og félagsins var óverulegur eða samtals 32.230.
- Fjármögnarsamningar voru skoðaðir og fengið afrit af öllum nýjum samningum. Einnig var fengið afrit frá fjármögnunarfyrtækinu og boríð saman við stöðu í árslok skv. lánatöflu félagsins.

Niðurstöður

Óveruleg skekkja í uppreikningi áfallinna vaxta – annars engar aðrar skekkjur.

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna ógreiddra launa og launatengdra gjalda ásamt launakostnaði:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
SS807	Ógreidd laun og launatengd gjöld	-7.641.669	-3.212.829	-4.428.840	138%
#	Texti			Breyting	Breyting %
RR101	Vinnulaun	50.890.693	23.943.787	26.946.907	113%
RR104	Dagpeningar	0	66.000	-66.000	-100%
RR105	Tryggingagjald	3.262.730	1.582.440	1.680.290	106%
RR106	Lífeyrissjóður	4.119.941	2.160.870	1.959.071	91%
RR107	Sjúkra- og orlofshheimilasjóður	1.305.686	963.955	341.731	35%
RR109	Áunnið orlof, breyting	1.256.617	-367.498	1.624.114	-442%
RR111	Vinnufatnaður	128.774	117.767	11.007	9%
RR114	Annar starfsmannakostnaður	2.185.093	177.879	2.007.215	1128%
ALLS		63.149.532	28.645.199	34.504.333	120%

Framkvæmdar aðgerðir

- Afstemming á virðisaukaskatti var fenginn frá féluginu og borin saman við yfirlit frá tollstjóra. Einnig var kannað hvort tekjur stemmuðu við aðalbók og farið var yfir uppgjörsreikning vsk. Engar athugasemdir fundust.
- Skilagreinar fyrir staðgreiðslu og tryggingargjald voru fengnar og staðfest við banka að greiðsla hefði verið gerð í janúar 2013, sjá [<7345>](#).
- Valið var úrtak af ógreiddum lífeyrissjóði og fengið yfirlit, sjá vinnupappír [<7349>](#)
- Ógreidd laun voru staðfest til greiðslu í janúar 2013.
- Áfallið orlof í árslok var yfirfarið og reiknað í vp. [<7348>](#)
- Laun og launatengd gjöld voru prófuð með greiningaraðgerðum, sjá [<8345>](#). Breyting milli ára var rædd við fjármálastjóra og viðeigandi stuðningsgögn yfirfarinn. Engar athugasemdir gerðar.

Niðurstöður

Skekkja að fjárhæð 650.000 fannst við endurskoðunina og er hún óleiðrétt. Yfirvinnutímabil félagsins er frá 15. – 14. hvers mánaðar og í árslok 2012 var ófærð yfirvinna sem greidd var í janúar 2013 alls 6.760.000 að teknu tilliti til launatengdra gjalda. Í ársþyrjun 2012 var hins vegar gjaldfærð yfirvinna vegna desember 2011 að fjárhæð 6.110.000 að teknu tilliti til launatengdra gjalda. Áhrifin á rekstrarreikning 2012 eru einungis kr. 650.000 og því hafa stjórnendur ekki gjaldfært mismuninn til gjalda enda óveruleg fjárhæð.

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna skatta:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
RR70	Tekjuskattur	27.292.720	625.255	26.667.466	4265%

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
LS700	Tekjuskattsskuldbinding	-1.891.703	-1.982.083	90.381	-5%
SS500	Ógreiddir reiknaðir skattar	-27.383.101	-384.948	-26.998.153	7013%
ALLS		-29.274.803	-2.367.031	-26.907.772	1137%

Framkvæmdar aðgerðir

- Reiknaðir skattar voru endurreiknaðir, sjá <7442>. Breyting milli ára var rædd við fjármálastjóra og viðeigandi stuðningsgögn yfirfarin. Engar athugasemdir gerðar.

Niðurstöður

Engar verulegar skekkjur hafa fundist við endurskoðun okkar á sköttum og teljum við því að reikningsliðurinn sé réttur

Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna tengdra aðila:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
		Breyting	Breyting %		
TE203	Vörusala til tengdra aðila	-137.497.500	0	-137.497.500	0%
RR054	Vörukaup af tengdum aðilum	42.967.969	0	42.967.969	0%
ALLS		-94.529.531	0	-94.529.531	0%

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
		Breyting	Breyting %		
SS600	Skuld við móðurfélag	-1.443.778	-7.392.483	5.948.706	-80%

Framkvæmdar aðgerðir

- Skoðaður var kaupsamningur vegna sölu félagsins og var skuld við fyrri eiganda gerð upp við sölu félagsins.
- 7fn kaupir hráefni og til framleiðslu vara sem síðan eru seldar gegnum Sápugetðina auk þess sem Sápugetðin dreifir vörum fyrir 7fn á ákveðnum svæðum og skrifar 7fn reikning á Sápugetðina sem síðan rukkar áfram viðkomandi viðskiptavini.
- Viðskiptastöður við tengda aðila auk skráningar á sölu og kaupum voru staðfestar við bókhald Sápugetðarinnar.
- Þann 30.12.2012 var skrifaður reikningur frá 7fn til Sápugetðarinnar að fjárhæð 9.412.500 m.vsk. vegna vara sem voru afhentar 4. janúar 2013. Kostnaðarverðmætið var 3.750.000 án vsk. Þar sem vörukaupin voru jafnframt skráð hjá Sápugetðinni og um innansamstæðuviðskipti er að ræða teljum við ekki ástæðu til að leiðréttta það.

Niðurstöður

Engar skekkjur. Engar skýringar um tengda aðila eru í ársreikningi félagsins að beiðni stjórnenda félagsins. Samkvæmt 63. gr. laga um ársreikninga er heimilt að sleppa því að birta þessar upplýsingar þar sem 7fn efnagerð ehf. verður síðan hluti af samstæðureikningsskilum Sápugetðarinnar ehf.